

Nd.

775. Álit

um frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum, árin 1912 og 1913.

Háttvirt efri deild hefir gert tvær breytingar við frumvarpið á þingskjali 462, sem vjer getum ekki fallist á.

Til jafnaðar móti lántökum landssjóðs er gjaldamegin talið i frumvarpinu kr. 250000,00, en lánið var alls kr. 750000,00. Háttvirt efri deild vill að öll hin siðarnefnda upphæð sje færð til jafnaðar gjaldamegin, en þetta er ekki rjett, vegna þess, að þegar reikningurinn var gerður voru kr. 500,000,00 af láninu óeyddar, og var því sjálfsagt að telja þær með öðrum tekjuafgangi eins og gert er i frumvarpi stjórnarinnar. Afleiðingin af þessu verður sú, að tekjuafgangurinn á frumvarpinu, eins og það kom frá efri deild, er vantalinn um þessa upphæð, kr. 500000,00.

Af framantöldum ástæðum verðum vjer að koma með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Útgjöld, 15 lið.
Fyrir »750,000,00« komi:
250,000,00.
2. Tekjuafgangur.
Fyrir »291,884,63« komi:
791,884,63.

Neðri deild Alþingis, 3. sept. 1915.

Stefán Stefánsson, Eyf.,
formaður.

Hjörtur Snorrason,
skrifari.

M. J. Kristjánsson,
framsögumaður.